

Ágætu gestir

Til hamingju með daginn!

Í sjötta sinn efna samtök safna á Suðurlandi til þessarar hátíðar -

Safnahelgi á Suðurlandi; matur og menning úr héraði.



Þessi samtakamáttur nær yfir stórt svæði – frá Hellisheiðarvirkjun og Selvogi í vestri til Hornafjarðar í austri, upp til sveita, niður að sjó og alla leið út til Vestmannaeyja.

Fyrir fimm og hálfu ári síðan voru Samtök safna á Suðurlandi stofnuð og efnt var til fyrstu safnahelgarinnar sama ár. Hvatinn að stofnun samtakanna var löngun til þess að efla og styrkja safnastarf á Suðurlandi, gera það sýnilegt, setja í samhengi og efna til víðtæks samstarfs. Við vildum draga fram hversu spennandi starfsemi safna getur verið og fjölbreytt. Þetta eru lifandi stofnanir í samfélaginu en hvorki rykfallnar né staðnaðar. Við erum að tala um bókasöfn, listasöfn, náttúrusöfn, munasöfn og skjalasöfn. Söfn sem varðveita menninguna; sögu, náttúru og listir en miðla henni líka áfram og endurskoða í ljósi samtímans. Á svæðinu eru einnig starfandi ýmis áhugaverð setur, sýningar, gestastofur og garðar sem líka miðla menningu og var þeim að sjálfsögðu boðið að vera með í þessu samstarfi.

Helsti sýnilegi afrakstur þessa samstarfs er Safnahelgi á Suðurlandi og til þess að gefa ykkur innsýn í hversu mörg og fjölbreytt þessi söfn eru og samstarfsaðilar þeirra í samtökunum, leyfi ég mér svolitla upptalningu á þeim sem eru sýnileg í ár:

Á Höfn er bókasafn, byggðasafn og listasafn, Þórbergssetur í Suðursveit, Kirkjubæjarstofa á Klaustri, Kötlusetur í Vík, bókasafn, byggðasafn, listasafn, ljósmyndasafn, skjalasafn, Fiska- og náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, Byggða- og samgönguminjasafn að Skógum, Sögusetur á Hvolsvelli, Þjósársstofa hér í Árnesi, Skálholt í Biskupstungum, Tré og list sem er handverks-og uppfinningasetur í Flóanum, bókasafn, héraðsskjalasafn og skáksetur á Selfossi, bókasafn og Veiðisafn/náttúruasafn á Stokkseyri, byggðasafn, sjóminjasafn og konubókastofa á Eyrarbakka, bókasafn í Þorlákshöfn, listasafn og bókasafn í Hveragerði og Jarðhitasýning í Hellisheiðarvirkjun.

Til þess að draga enn frekar fram það menningarlíf sem þrífur hér á Suðurlandi er leitað að ennþá víðtækara samstarfi fyrir dagskrá Safnahelgarinnar og bætast þá við

einstaklingar, félagasamtök og sveitarfélög með sýnilega viðburði. Mér tókst að telja saman að minnsta kosti 118 viðburði á dagskránni í ár.

Myndlistarsýningar eru einar 14 í boði, 13 handverks- og hönnunarsýningar og 5 ljósmyndasýningar. Ég vil hvetja ykkur til þess að nýta ykkur það að víða gefst kærkomið tækifæri til þess að ræða við lista- og handverksfólkið, þiggja leiðsögn til þess að dýpka skilninginn og verið ófeimin við að spyrja spurninga sem vakna. Þetta á við á Höfn, hjá Gullkistunni á Laugarvatni, hjá Halli Karli á Eyrarbakka, í Hellisheiðarvirkjun og víðar. Einnig eru í boði listasmiðjur bæði á Laugarvatni og í Hveragerði og á Hvolsvelli er tilvalið að sauma í Njálurefilinn. En njótendur geta verið virkir á fleiri sviðum. Víða er boðið upp á sögugöngur svo sem í Skálholti, í Flóanum og í Hveragerði þar sem líka leynast ljóð í trjánum og að loknu sundi á Selfossi er nautnalegt að lesa mataruppskriftir í heitu pottunum. Fari munnvatnið að renna þá er úr vöndu að ráða því svo margir staðir bjóða upp á girnilegan mat úr héraði. Í Vík er t.d. fýlaveisla á dagskrá, heilgrilluð lömb á Klaustri og í Reykholti verður sultukeppni, svo eitthvað sé nefnt. Forvitnilegt getur verið að kynnst skráningu og forvörslu sem er í boði á Höfn og þar er líka hægt að koma með muni til þess að láta skoða. Í Skálholti verður fornleifafræðingur og segir frá.

Í dagskránni eru að minnsta kosti 15 bókmenntaviðburðir af ýmsu tagi og t.d lifna draugasögur við á Selfossi og Stokkseyri í frásögnum af sunnlenskum afturgengnum kerlingum. Á Eyrarbakka er í boði kaffisþjall um stelpur í barnabókum og yfir 500 dúkkur eru á dúkkusýningu á Laugarlandi á Flúðum og í Hrunamannahreppi er líka hægt að skoða gamla bíla. Sjávarútvegi, landbúnaði, samgöngum og mannlífi er gerð einhver skil á ýmsum sögusýningum og víða eru opin hús og áhugaverðir braggar. Fjórar leiksýningar eru í boði, þar á meðal frumflutningur á nýju verki um Eldklerkinn sem Möguleikhúsið flytur á Klaustri. Tónlist tvinnast víða inn í dagskrána, 14 viðburðir ef ekki fleiri af ólíkum toga. Þar má t.d. benda á Marlene Dietrich tónleika í Vestmannaeyjum, saxófón kvartett í Hveragerði, Ave Mariu tónleika í Þorlákshöfn og sjá og heyra má vinsæl sjarmatröll eins og KK og Magga Eiríks í Flóanum og Jónas Sig, Muggison og Ómar Guðjónsson á Selfossi. Á fiska- og náttúrugripasafninu í Vestmannaeyjum verða leyndardómar halastjarna afhjúpaðir en í Veiðisafninu á Stokkseyri verða sagðar ljóna- og lygasögur.

Já það er margt í boði! Sums staðar þarf að greiða aðgangseyri, enda ekkert í raun ókeypis – en víða er líka hægt að njóta viðburða án fjárútláta. Skoðið dagskrána í heild, takið þátt og njótið eftir bestu getu – gjarnan með vinum og /eða fjölskyldunni.

Það segir sig sjálft að það koma margir að undirbúningi jafn umfangsmikillar dagskrár og hér er í boði. Fyrir hönd stjórnar samtaka safna á Suðurlandi vil ég færa öllum sem að undirbúningi og framkvæmd hafa komið, bestu þakkir fyrir að gera þessa dagskrá að veruleika. Sérstaklega vil ég þakka Barböru H. Guðnadóttur fráfarandi formanni allt hennar framtak og góða hvatningu, Dorothee Lubecki menningarfulltrúa Suðurlands fyrir ákveðið utanumhald og síðast en ekki síst Ásborgu og ykkur hér í Uppsveitum Árnessýslu fyrir þessa opunarhátíð.

Takk og góða helgi!